

1. mál Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um að árið 2010 verði tileinkað íslenskri hönnun í Reykjavík

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég geri hér grein fyrir tillögu borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks og það er aðeins breytt orðalag á tillögunni. Hún var orðuð þannig að það hefði getað kallað á einhvern misskilning þannig að það hefur verið dreift hér nýrri tillögu sem hljóðar svo:

Borgarstjórn samþykkir að á árinu 2010 verði sérstakt átak tileinkað íslenskri hönnun í Reykjavík með það að markmiði að styrkja enn frekar stöðu hönnunar í reykvísku umhverfi, byggingum, menningu og atvinnulífi.

Þannig að ég vek athygli borgarfulltrúa á þessum breytingum. Inntakið er að sjálfsgöðu ljóst og skýrt og það er það að við höfum áhuga á því að treysta enn frekar stöðu íslenskrar hönnunar með eins víðum og afdráttarlausum hætti og okkur er frekast unnt. Við höfum öll með einhverjum hætti komið að þeim verkefnum sem til dæmis hafa verið unnin á vettvangi skipulagsráðs, á vettvangi menningar- og ferðamálaráðs og á vettvangi annarra ráða borgarinnar, framkvæmdaráðs, umhverfis- og samgönguráðs og miklum mun víðar þar sem hönnun í stóru og smáu kemur við sögu og við skynjum það sterkt í umhverfi borgarinnar nú hversu mikla þýðingu það hefur fyrir túrisma, fyrir ferðamennsku og fyrir lífsgæðin í borginni að vel sé haldið á þessum málum.

Til dæmis var í sóknaráætlun, drögum sem liggja fyrir að sóknaráætlun Reykjavíkur, þar var lögð áhersla á að skipulagsmál í Reykjavík einkenndust af vönduðum vinnubrögðum, langtímasjónarmiðum og sterku samhengi við framtíðarsýn borgarinnar og að auki hefur á vettvangi skipulagsráðs að undanförunni verið unnið í samræmi við ákvörðun sem tekin var á haustmánuðum 2007, að unnið skyldi að gæðastefnu Reykjavíkur af fimm manna starfshópi sem var skipaður undir forystu Halldóru Vífilisdóttur arkitekts en auk hennar skipuðu þau Jóhann Sigurðsson, fulltrúi frá Arkitektafélagi Íslands, Björn Axelsson umhverfisstjóri, Margrét Leifsdóttir og Örn Þór Halldórsson frá skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkur, þau komu að þeirri vinnu á þeim vettvangi og þessi starfshópur bauð öllum félögum í Arkitektafélagi Íslands, Skipulagsfræðingafélagi Íslands og Félagi landslagsarkitekta að taka þátt í hugflæðifundum á

Kjarvalsstöðum 15. og 18. júní síðastliðinn og einnig fulltrúum annarra fag- og hagsmunafélaga.

Það var mikil þátttaka í þessum fundum og kom fram mjög afdráttarlaus sýn og stefna þessara aðila sem lýtur að því að tryggja og treysta stöðu hönnunar og fagurs umhverfis í Reykjavík og þess vegna er þessi tillaga hér fram lögð og ég vil með leyfi forseta fá að lesa greinargerðina eins og hún liggur hér frammi:

Umhverfi hefur áhrif á líðan fólks. Umhverfið, náttúrulegt og manngert er ramminn utan um daglegt líf þeirra sem búa í Reykjavík og heimsækja borgina og því mikilvægt að til þess sé vandað, sköpunargleði sé í hávegum höfð og áhersla sé lögð á íslensk séreinkenni í hönnun og mótun alls umhverfis. Borg af þeirri stærðargráðu sem Reykjavík er á að geta verið öðrum borgum fyrirmynd hvað varðar skapandi umhverfi og vandaðar lausnir í stóru sem smáu. Hér er lagt til að Reykjavíkurborg fari í áttak til að bæta og fegra umhverfið á árinu 2010 með íslenskri hönnun. Markmiðið er að styrkja enn frekar stöðu hönnunar í reykvísku umhverfi, byggingum, menningu og atvinnulífi. Efnt verði til samstarfs og samráðs við Hönnunarmiðstöð, Listaháskólann og fagfélög hönnunarstétta eins og Arkitektafélag Íslands, Félag landslagsarkitekta og Bandalag íslenskra listamanna.

Mikilvægt er fyrir Reykjavík að efla sérstöðu sína sem einstakur áfangastaður fyrir ferðamenn og gæti sýnileg áhersla á íslenska hönnun orðið enn frekar til þess að vekja áhuga gesta á sérkennum borgarinnar. Mikil gróska er í íslensku handverki og hönnun um þessar mundir og því einstakt tækifæri fyrir Reykjavíkurborg að styðja við þá þróun, fjölga atvinnutækifærum í skapandi greinum og í leiðinni bæta reykvískan borgarbrag.

Sem dæmi um verkefni má nefna opnar samkeppnir um byggingar, skipulag og umhverfismótun. Samkeppni má hafa um götugögn eins og borgarbecki, sorptunnur, lýsingu og lampa og jafnvel upphituð strætóskýli. Opin samkeppni um gleymd rými, afgangsrými, óvænt rými, hugsanlega í hverju hverfi fyrir sig, gæti orðið ánægjulegt viðfangsefni og til þess fallið að vekja áhuga borgarbúa á nærumhverfi sínu.

Skipulags- og byggingarsvið hefur nú þegar hafið samstarf við Arkitektafélag Íslands og Félag íslenskra landslagsarkitekta um mánaðarlega málfundi út árið 2010 með það að markmiði að efla umræðu um skipulag og byggingarlist. Styrkja má byggingarlistardeild Listasafns Reykjavíkur svo sýningar og málþing um hönnun og byggingarlist verði hluti af daglegri umræðu borgarbúa. Gefa má út fræðslu- og kynningarefni um opinberar byggingar og sjá þarf til þess að efni um byggingar og framkvæmdir á vegum Reykjavíkurborgar verði aðgengilegt á heimasíðu Reykjavíkurborgar.

Veita má verðlaun fyrir gæði í manngerðu umhverfi reglulega og hægt er að kortleggja áherslusvæði jafnt í miðborginni og hverfum borgarinnar í samvinnu við borgarbúa sem eiga að endurspeglar framúrskarandi hönnun og framkvæmd og styrkja ímynd einstakra borgarhluta. Smám saman myndi umhverfið taka breytingum og endurspeglar þá gæðaborg sem Reykjavík er.

Síðast en ekki síst þarf gæðastefna um manngert umhverfi að vera hluti af samþykktu aðalskipulagi og verkefni og framkvæmdir á vegum Reykjavíkurborgar þurfa að taka mið af henni.

Lagt er til að settur verði á laggirnar vinnuhópur með áðurnefndum fagfélögum, Listaháskólanum, Hönnunarmiðstöð og Reykjavíkurborg sem setur fram tillögu að því hvernig átakið verði útfært í Reykjavíkurborg og tillögur liggi fyrir um næstu mánaðarmót.

Við teljum, hæstvirtur forseti, að þetta sé vel framkvæmanlegt innan þess tímaramma sem við höfum. Það hefur þegar, eins og ég gat hér um í upphafi, verið unnin ákveðin vinna, það hefur verið kynnt inni í ráðum, mörgum fagráðum og hjá mörgum sviðum okkar hefur verið kynnt skýrsla þessa hóps sem ég nefndi hér í byrjun um gæðastefnu Reykjavíkurborgar, manngert umhverfi, og þar hafa aðilar, bæði pólitíkusarnir og embættismenn okkar, fengið góða innsýn inn í þær hugmyndir sem hér liggja að baki. Við teljum mikilvægt núna þegar við erum að einbeita okkur líka að annars konar uppbyggingu í atvinnulífi í Reykjavík eins og ferðamálum, að að þessu sé hugað sérstaklega og leggjum þess vegna til, eins og ég sagði áður, örlítið breytt orðalag á tillögunni sem hljóðar nú svo að borgarstjórn samþykki að ár árinu 2010 verði sérstakt átak tileinkað íslenskri hönnun í Reykjavík með það að markmiði að styrkja enn frekar stöðu hönnunar í reykvísku umhverfi, byggingum, menningu og atvinnulífi.

Ég á ekki von á öðru heldur en að um þessa tillögu hér eða þetta átak hér skapist góð og mikil sátt og við getum öll unnið að þessu í sameiningu. Ég nefni til dæmis eina tillögu sem ég veit að hefur verið til meðferðar hjá menningar- og ferðamálaráði og er tillaga sem var hér flutt, ef ég man rétt var flutningsmaður Dofri Hermannsson borgarfulltrúi, ég held að tillagan hafi verið flutt af fulltrúum Samfylkingarinnar um ákveðin hönnunarverðlaun. Slík tillaga getur auðvitað komið inn í þessa vinnu og ég legg til að hún fari þangað og menn vinni með þetta sameiginlega en mikilvægast af öllu er í þessu að tryggja það að íslensk hönnun, reykvísk hönnun, að henni sé gert hátt undir höfði, jafnt í stóru sem smáu þannig að við náum að nýta þau sóknarfæri sem þar eru, náum að nýta þann mikla sköpunarkraft sem býr í íslensku hugvitsfólki og íslenskum listamönnum og íslensku fagfólki á þessu sviði og tryggjum að Reykjavíkurborg verði þannig sú borg gæða og hönnunar og menningar sem við viljum að hún verði.

Bstj. 5. janúar 2010

Ég legg fram hér þessa tillögu, virðulegi forseti, og geri ráð fyrir að hún fái góðar undirtektir.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá hefur óskað eftir að taka til máls borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

1. mál Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um að árið 2010 verði tileinkað íslenskri hönnun í Reykjavík

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil byrja á því að óska borgarfulltrúum og starfsfólki borgarinnar gleðilegs árs. Það má segja að þessi borgarstjórnarfundur sé haldinn í skugga nýtilkominnar óvissu um framvindu efnahagsmála og þó að óvissan hafi oft verið mikil síðastliðið ár þá verð ég að segja að staðan er kannski flóknari en flestir vona og gera sér kannski grein fyrir með hinum nýjustu vendingum. Sú tillaga sem hér liggur fyrir hefur tekið nokkrum breytingum frá útsendum gögnum. Í útsendum gögnum var tillaga um það að árið 2010 yrði tileinkað íslenskri hönnun í Reykjavík. Það hefði okkur í Samfylkingunni þótt afar einkennileg skilaboð frá Borgarstjórn Reykjavíkur við núverandi aðstæður svo ekki sé meira sagt. Ekki það að Samfylkingin hafi ekki viljað veg íslenskrar hönnunar mikinn, þvert á móti, Samfylkingin er raunar með í frestun tillögu um sérstök hönnunarverðlaun í menningar- og ferðamálaráði. Samfylkingin, strax eftir hrunið, lagði til að farið yrði í víðtæka stefnumótun á sviði atvinnumála þar sem meðal annars væri horft sérstaklega til skapandi greina og má segja að sú tillaga hafi leitt til verkefnisins sóknaráætlun Reykjavíkur sem hefur þó miðað hægar fram en ástæða er til.

En hvað um það. Staðan í samfélaginu og staðan í fjármálum Reykjavíkurborgar, staða fjölskyldnanna og heimilanna, er hins vegar þannig að ef það ætti að tileinka árið 2010 einhverju hér á vettvangi Borgarstjórn Reykjavíkur, þá er það velferð, börn og atvinnuuppbygging. Við fluttum hér við fjárhagsáætlun breytingatillögur við fjárhagsáætlun sem lutu að þeim markmiðum að styrkja þessa þætti í fjárhagsáætluninni. Við gerum ekki athugasemdir við það að íslenskri hönnun sé sýnd athygli í Reykjavík en viljum undirstrika það að forgangurinn verður að vera réttur og það má ekki vera svo að borgarstjórn birtist borgarbúum sem einhvers konar firrtur klúbbur fólks sem ætlar að vera í hluta samfélagsins, því sem lýtur að hönnun og ytri umgjörð, fegurðinni, á meðan að mannlífið, fjölskyldurnar, velferðin, börnin og atvinnuuppbyggingin er það sem kallar á athygli okkar þegar samdrátturinn er þetta mikill, að ég tali ekki um hvernig hann getur orðið ef að ekki tekst að slökkva þá elda sem nú hafa verið kveiktir í samskiptum okkar við aðrar þjóðir og í mörgum þáttum sem lúta að lykilatriðum í efnahagsáætlun stjórnvalda.

Bstj. 5. janúar 2010

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

1. mál Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um að árið 2010 verði tileinkað íslenskri hönnun í Reykjavík

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég ætla ekki að tjá mig um þá elda sem borgarfulltrúinn talaði mikið um, læt öðrum það eftir, allavega á þessu stigi. En ég áréttá það sem ég sagði hér áðan að orðalagi tillögunnar, og það er alveg rétt hjá borgarfulltrúanum að það hefði getað kallað á einhvern misskilning, það var hins vegar alls ekki og auðvitað ekki sett upp með þeim hætti eins borgarfulltrúinn lagði það upp. Við vitum öll að þetta ár sem framundan er og þau ár reyndar, síðasta ár líka, hafa í fjárhagsáætlun, það þarf ekki annað en að lesa greinargerðir og formála með fjárhagsáætlun til að sjá í hverju forgangsröðun borgarstjórnar liggur, hún liggur auðvitað í því sem borgarfulltrúinn nefndi, kannski fyrst og síðast í velferð barna og þeim málum sem tengjast þeim þannig að ég tek undir það með borgarfulltrúanum að ef það er eitthvað í upphaflegri tillögu sem veldur því að menn geta lesið öðruvísi í það, þá var það engan veginn hugsunin. Hugsunin var að stilla upp sérstöku átaki og beina sjónunum sérstaklega að þeim verkefnum sem tengjast íslenskri hönnun og ég tel að það sé gott og verðugt verkefni og bendi á það að þótt það hafi verið dreift hér tillögunni aftur, það gleymdist að taka út í inngangi ákveðið orðalag, þannig að nú hljóðar þetta svo: „Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks“ og svo kemur tillagan orðrétt eins og hún liggur hér frammi og ég held að við séum alveg sammála um það, ég og borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson, að það er mikilvægt að huga að þessum verkefnum sem tengjast hönnun og gæðum í okkar borgarlandi og við gerum það án þess að á nokkuð annað sé hallað.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki óskað eftir að taka til máls og er þá tillagan borin undir atkvæði. Þeir sem samþykkja fyrirleggjandi tillögu gefið merki. Þeir sem samþykkja fyrirleggjandi tillögu gefið merki. Það er tillaga sem er undir lið 1 á dagskrá þessa fundar. Ég ætla að endurtaka atkvæðagreiðsluna. Þeir sem samþykkja fyrirleggjandi tillögu gefið merki. Er einhver á móti? Hún er samþykkt með tíu atkvæðum og fimm borgarfulltrúar sitja hjá.